

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1999

12. apríl 1999

641

Nr. 237

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 503/1998.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo: Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 793.

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. apríl 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

12. apríl 1999

Nr. 238

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði til sérstakra verkefna á vegum svæðisvinnumiðlana.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að styrkja sérstök verkefni undir eftirliti svæðisvinnumiðlana í samræmi við reglur þessar.

Reglur þessar ná ekki til styrkja til að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga.

2. gr.

Fjárhæð styrkja.

Hámarksfjárhæð styrks skal vera jafnhá þeim atvinnuleysisbótum og lífeyrissjóðs-greiðslum, sem ella hefðu verið greiddar þeim einstaklingum sem falla af atvinnuleysissskrá